

From: Landssamband veiðifélaga [<mailto:arni@angling.is>]
Sent: 8. nóvember 2012 14:42
To: Benedikt S. Benediktsson
Subject: Frumvarp til laga um breytingu á I. um skipan ferðamála nr. 73/2005

Atvinnuveganefnd Alþingis

Landssamband veiðifélaga hefur haft til skoðunar frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum um skipan ferðamála.

Á stjórnarfundum LV sem haldinn var 31. október s.l. mættu fulltrúar Ferðamálastofu og upplýstu okkur um réttaráhrif gildandi laga ásamt þeim breytingum sem munu leiða af fyrirbyggjandi frumvarpi. Ljóst er að í frumvarpinu er gengið mjög langt er varðar þær skyldur sem lagðar eru á þá aðila sem taka gjald fyrir hversskonar þjónustu eða afnot hlunninda. Þannig þarf sá aðili sem hyggst selja veiðileyfi í vatn, að afla sér leyfis sem ferðaskipuleggjandi og undirgangast þær skyldur sem löggin kveða á um. Gildir þá einu hvert umfangið er. Sem dæmi má taka það tilvik sem nefnt var á fundi okkar að bóndi, eða eigandi vatns, sem selur veiðileyfi á 500 kr. skal hafa til þess leyfi sem ferðaskipuleggjandi og skal hafa rekstrartryggingu ásamt því að hafa einnig unnið öryggisáætlun á grundvelli fyrirsmæla laganna. Gildir þá einu hversu mikil salan er. Við sölu á einu veiðileyfi fellur hann undir þessi ákvæði laganna.

Áætlaður kostnaður við þetta sbr. fylgiskjal Fjármálaskrifstofu er vart undir 100þ sé einnig tekið tillit við kostnað vegna vinnu við öryggisáætlun.

Landssamband veiðifélaga, undanfarin ár, hefur lagt í nokkra vinnu við að aðstoða og hvetja þá aðila sem eiga vagnýtt fiskivötn til að hefja nýtingu þeirra með sölu veiðileyfa. Ljóst er að verð á slíkum veiðileyfum verður aldrei hátt. Að leggja þær kvaðir sem frumvarpið geymir á slíka aðila getur aðeins leitt til þess að kostnaður og fyrirhöfn mun algjörlega girða fyrir nokkra nýsköpun á þessu sviði. Einnig skapar frumvarpið hættu á að sala slíkra veiðileyfa kunni að verða viðbót við það hagkerfi sem nú er talið fara vaxandi á Íslandi og ekki kemur fram í opinberum tölum.

Landssamband veiðifélaga vísar til þess að kannanir sýna að um 60.000 íslendingar stunda stangveiði árlega einu sinni eða oftar. Mjög stór hluti þessarra fjölmörgu stangveiðimanna á mikið undir því að komast í ódýra veiði í vötnum vítt um landið. Ljóst er að áhrif lagasetningar af þeim toga sem hér um ræðir er tilræði við aðgengi þessa hóps að veiði. Þarna er ekki síst um börn og unglinga að ræða sem eru að stíga sín fyrstu skref sem veiðimenn.

Landssamband veiðifélaga leggur eindregið til að ákvæði frumvarpsins um ferðaskipuleggjanda verði endurskoðað í meðförum háttvirtar atvinnuveganefndar og lýsir vonbrigðum með að sambandið fékk frumvarpið ekki til formlegrar umsagnar. Þar mætti t.d. hugsa sér að ákvæðið tæki ekki til þeirra aðila sem ekki hafa leyfisskilda starfsemi sem aðalatvinnugrein.

Fulltrúar LV sig reiðubúna til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum LV um þau atriði frumvarpsins sem við teljum að þurfi athugunar við.

Virðingarfyllt
Landssamband veiðifélaga
Óðinn Sigbórsson formaður